


Ár 1976, þriðjudaginn 10. febrúar, var tekið fyrir í Yfirfasteignamatsnefnd málið nr. 16/1974, endurmat fasteigna Síldarverksmiðja ríkisins á Raufarhöfn, og samþykkt að afgreiða málið með svofelldum

ú r s k u r ð i :

Þegar aðalmat fasteigna var staðfest, var fyrirvari gerður af hálfu Yfirfasteignamatsnefndar um endurskoðun mats á fasteignum síldarsöltunarstöðva og síldarbræðslna á Austurlandi og Norðurlandi. Endurskoðun þessi fór fram á árunum 1972 - 1973 og var niðurstaða birt í árslok 1973, sem aðalmat umræddra eigna í samræmi við fyrrgreindan fyrirvara. Með mati millimatsmanna frá því í desember 1974, var mati á tilteknum fasteignum Síldarverksmiðja ríkisins á Raufarhöfn breytt til hækkunar, og var sú hækkun kærð af hálfu Síldarverksmiðja ríkisins til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi frá 23. ~~desember~~ ^{júlí} 1975. Á grundvelli athugunar, sem gerð hefur verið á vegum Yfirfasteignamatsnefndar og fasteignamats ríkisins, er niðurstaða Yfirfasteignamatsnefndar sú, að ekki hafi verið leiddar í ljós breytingar á verðmæti umræddra eigna, er varði þær svo sérstaklega, að heildarmat á þeim eigi að fara fram á ný samkvæmt 2. tl. 21. gr. laga nr. 28/1963 um fasteignamat og fasteignaskráningu. Hins vegar er eðlilegt að mati sé breytt í samræmi við efnislegar breytingar á eignum þessum og er að rekja til þess, að þær hafa verið endurbættar eða þær gengið úr sér, svo um muni.


Torfi Ásgeirsson


Gaukur Jónsson


Pálmi Jónsson